

keypt til handa Bergstaðaprestakalli fyrir 950 krónur, og jafnframt leyfa, að tekið verði **167** til nefndra jarðakaupa lán uppá Bergstaðaprestakall, sem þó ekki getur fengizt af 17. okt. landssjóði, að upphæð 950 krónur, er ávaxtist og afborgist á 28 árum.

Þetta tilkynnist yður hjermeð þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

**Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna, um lán handa prestakalli til 168** kirkjubyggingar. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæruverðugi 17. okt. herra, í þóknanlegu brjefi dags. 14. þ. m. og beiðni hlutadeigandi prests, vil jeg hjermeð fallast á, að tekið sje 1000 króna lán til að fullgjöra hina nýju kirkju að Eyvindarhólum, þannig að lánið endurborgist með vöxtum á 10–15 árum af Eyvindarhóluprestakalli, að því leyti sem tekjur kirkjunnar ekki skyldu hrökkva til að endurborga og ávaxta lánið.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeingar og frekari ráðstöfunar.

**Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna, um lán handa prestakalli til 169** kirkjugjörðar. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra 17. okt. í þóknanlegubrjefi, dags. 1. f. m. og beiðni prestsins að Garpsdal, sjera Ólafs Ólafssonar, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til, að tjeður prestur taki 400 kr. lán, sem þó ekki getur fengizt af landssjóði, til nauðsynlegra umbóta og aðgjörðar við Garpsdalskirkju, er þjer, herra biskup, tjáist hafa visiterað og skoðað á síðastliðnu sumri. Lán þetta ber að endurborga með áfallandi vöxtum á næstu 10 árum eptir lántökuna, og greiðist af Garpsdalsprestakalli að því leyti er tekjur kirkjunnar sjálfrar eigi árlega hrökkva til greiðslunnar.

Þetta tilkynnist yður hjermeð þjónustusamlega herra amtmaður og háæruverðugi herra, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Norður-Múlasýslu, um greiðslu á 170** aðflutningsgjaldi á tóbaki. — Með þóknanlegu brjefi dags. 21. júní þ. á. hafið þjer, 20. okt. herra sýslumaður, skýrt mjer frá, að þegar póstgufuskipið «Thyra» kom til Seyðisfjarðar 13. d. septembermán. f. á., hafi þá verandi skipstjóri þess, premierlieutenant Boldt, sagt yður frá, að hann hefði meðferðs talsvert af tóbaki, kringum 5000 pd., tilheyrandi Jóni kaupm. Vidalín, er ættu að fara til Seyðisfjarðar, en að hann gæti ekki skipað því upp fyr en hann kæmi aptur frá Reykjavík, með því að það væri undir í skipinu. Þegar skipið kom sunnan aptur í október, var tóbakinu skipað í land, en á tíma þeim, er leið frá því er skipið kom fyrst til Seyðisfjarðar og þangað til tóbakinu var skipað upp, voru (hinn 1. okt.) gengin í gildi lög nr. 11, 9. ágúst f. á. er lögleiða hækkaðan tóbakstoll. Látið þjer í ljósi, að yður hafi þótt vafasamt, hvort heimta skyldi hinn hærri eða lægri toll af tóbaki þessu, og þar sem Jón kaupmaður Vidalín neitadi að greiða hinn hærri toll, af því að tóbakið í raun og veru hafi verið komið til Seyðisfjarðar fyrir 1. október, þótt það sakir áður nefndra atvika yrði ekki flutt úr